

Auglýsing

191

frá skrásetjara vörumerkja í Reykjavík

um skrásetningar þær, sem gjörðar hafa verið árið 1919.

Skrásett 1919 nr. 1.

Tilkent 5. febr. 1919, kl. 2 síðdegis af Archibald Mc Lellan. Atlison V. Stewart John V. Dittemore, Adam H. Dickey, James A. Neal, Josiah E. Fernald f. h. dbús Mary Baker G. Eddy, er rekur bókaverslun í Boston, Massachusetts, Bandaríkjunum, skrásett 11. s. m.

Lýsing á merkinu:



Hringur og innan í honum kross, sem stungið er gegnum skáhalla kórónu, en í hring að utanverðu standa orðin: Heal . the . sick . Rais . the dead + Cleans . the . lepers . Cast . out . demons +

Samkv. tilk. dags. 26. okt. 1914 er merkið skrásett í Washington 6. apríl 1915 og nær skrásetning til prentaðra bóka, prentaðra tímarita, sem útgefin eru mánaðarlega, og prentaðra biblulestra sem útgefnir eru ársfjórðungslega.


Tilkent 4. apríl 1919, kl. 4 síðd. af Carnation Milk Products Company, Verksmiðju-
rekstur, Seattle í Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 12. s. m.



Lýsing á merkinu: Á dökkum grunni standa orðin Carnation Brand, en undir þeim til hliðar tvö blys og milli þeirra, sumpart í eða fyrir neðan dökka grunninn, þrjú negulblóm, er bundin eru saman.

Merkið á að nota á mjólkurbúsafurðir, sjerstaklega niðursoðna mjólk og er skrásett í Washington 24. okt. 1905, samkv. tilk. dags. 9. júní s. á.

Tilkent 4. apríl 1919, kl. 4 síðd. af The Texas Company, olíuframleiðsla, New York í Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 12. s. m.



Lýsing á merkinu: Fimmgeisluð stjarna með dökkum strikum og innan í henni bókstafurinn T, sem er hvítur að lit.

Merkið, sem er skrásett í Washington 14. des. 1909, samkv. tilk. dags. 22. maí s. á., á einungis að gilda fyrir steinolíuafurðir, þar með talin óunnin olía, brensluóliur, oliur til lýsingar og áburðar, gasolíur, nafta, bensín, gasolín, úrgang við olíuæimingu, innifalið í 15. flokki, svo og smurningsolíur.

Skrás. 1919 nr. 4.

191

Tilkent 4. apríl 1919, kl. 4 síðd. af British-American Tobacco Company, Limited, London, Englandi, og skrásett 12. s. m.

LUCKY STRIKE

Lýsing á merkinu: Orðin Lucky Strike. Merkið á að gilda fyrir tilbúið tóbak, og er skrásett í London, 45. flokki, fyrir þá vörutegund, samkvæmt tilk. dags. 19. nóv. 1912.

Skrás. 1919 nr. 5.

Tilkent 4. apríl 1919, kl. 4 síðd. af John Dewar & Sons, Limited, Whisky-gerðar-
mönnum, Perth, Skotlandi, og skrásett 12. s. m.



Lýsing á merkinu: Einkennismiði. Efst á honum er í bogadreginni línu upp á við röð af heiðurspeningum, þá orðin »Whitel Label« og undir þeim: Finest Scotch Whisky of great age, því næst stutt strik og fyrir neðan það orðin John Dewar & Sons Ltd. Distillers, Perth, Scotland. Í neðra horni miðans til vinstri handar standa orðin: London Offices Dewar House, Haymarket, S. W. Neðst stendur með smáu lettri: This Label is issued only by John Devar & Sons Limited.

Merkið er skrásett fyrir Whisky, og orðin »White Label« sjerstaklega tilbúið heiti fyrir þá vörutegund.

Samkvæmt tilk. dags. 16. apríl 1907 er merkið skrásett í London, 43. flokki, 2. ágúst s. á.

Skrás. 1919 nr. 6.

Tilk. 20. apríl 1919 kl. 5 síðd. af Hepe Company, verksmiðjurekstur, Seattle í Washingtonríki í Bandaríkjunum Norður-Ameríku og skrá 26. s. m.



Lýsing á merkinu: Hvít kvenmanns-brjóstmynd á svörtum grunni, í sporöskjulaðri umgerð, en fyrir ofan stendur orðið: HEBE.

Merkið, sem skrásett er í Washington 24. ágúst 1915, samkv. tilk. dags. 27. mars s. á., á að nota á mjólk, 46. flokki, matvæli og matvælaefni.

Skrás. 1919 nr. 7.

Tilkent 20. apríl 1919, kl. 5 síðd. af Tide Water Oil Company, olíugerð, Bayonne, New Jersey, í Bandaríkjunum Norður-Ameríku og skrásett 26. s. m.

TYDOL

Lýsing á merkinu: Orðið: TYDOL

Merkið sem er skrásett í Washington 11. júní 1918, samkvæmt tilk. dags. 19. desember 1917, á að nota á vissar tilgreindar áburðar- og olíutegundir fyrir bifvjarlar, svo sem betri tegundir af gasolíu, allar tegundir af nafta-smurningsolíu, »Mineral wax« áburðarfeiti, steinolíu, í 15. flokki, olíur og feiti.

Orðið Tydol skal skoða sem sjerstaklega tilbúið heiti fyrir ofangreindar vörutegundir.

Skrás. 1919 nr. 8.

Tilkent 30. apríl 1919, kl. 4 síðd. af Isidor Nielsen's mek. Værksted, verksmiðju-iðnaður og verslun, Trondhjem, Noregi, og skrásett 7. maí s. á.

TODAN

Lýsing á merkinu: Orðið: TODAN. Merkið sem skrásett er í Kristíanú 21. okt. 1918 samkvæmt tilk. dags. 4. apríl s. á., á að ná til vjela ásamt þess er þeim tilheyrir

að undanteknum áhöldum og verkfærum til að smíða með lása, tæki til þeirra og hluta af þeim. — **191**

Orðið *Todan* er að skoða sem sjerstaklega tilbúið heiti fyrir ofangreindar vörutegundir.

Skrás. 1919 nr. 9.

Tilkynt 30. apríl 1919, kl. 4 síðd. af Dodge Brothers, bifreiðargerðarmönnum, Detroit, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 7. maí s. á.




Lýsing á merkinu: Hringur, með nafni og heimili tilkynnanda, sem lykur um tvo þríhyrninga, sem eru feldir hvor innan í annan, en mitt í milli þeirra eru bókstafirnir D og B samandregnir,

Samkv. tilk. dags. 24. nóv. 1914 er nærkið skrásett í Washington 13. apríl 1915, fyrir bifreiðar.

Skrás. 1919 nr. 10.

Tilkynt 20. september 1919, kl. 4 síðd., af Carlsberg Bryggerierne, ölgerð, Kaupmannahöfn, og skrásett 25. s. m.




Lýsing á merkinu: Tólfhyrnd stjarna; í miðju hennar hvítur blettur, hringmyndaður og í honum haka-kross (Svastika eða Þórsmerki).

191 Merkið, sem er skrásett í Kaupmannahöfn 23. febr. 1907, samkv. tilk. dags. 1. s. m., og síðan endurnýjað 23. febr. 1917, á einungis að nota á öl og sóðavatn.

Skrás. 1919 nr. 11.

Tilkynt 20. september 1919, kl. 4 síðd., af Carlsberg Bryggerierne, öldereð, Kaupmannahöfn, og skrásett 25. s. m.



Lýsing á merkinu: Forn haka-kross (Svastika eða Þórsmerki). Merkið á einungis að nota á öl og sóðavatn.

Samkv. tilk. dags. 15. ágúst 1890 var merkið skrásett í Kaupmannahöfn 21. s. m., fyrir Carl Jacobsen, Ny Carlsberg, ölgerð í Valby og síðan tvívegis endurnýjað fyrir sama mann, en samkv. tilk. dags. 23. mars 1911 er merkið nú eign Carlsberg Bryggerierne í Kaupmannahöfn.

Skrás. 1919 nr. 12.

Tilkynt 20. september 1919, kl. 4 síðd., af Frishmuth Bros. & Company, tóbaksgerð, Philadelphia í Pensylvania-ríki, Bandaríkjunum N.-Am., og skrásett 25. s. m.

Pals

Lýsing á merkinu: Orðið: Pals

Merkið, sem skrásett er í Washington, 24. sept. 1918, samkv. tilk. dags. 21. maí s. á., á að nota á brjefvindla (Cigaretter) og tóbaksafurðir.

Skrás. 1919 nr. 13.

191

Tilkent 20. september 1919, kl. 4 síðd. af The Arco Company, lita- og lakkgerð, Cleveland í Cleveland-ríki, Bandaríkjum N.-Am., og skrásett 25. s. m.



Lýsing á merkinu: Orðið: ARCO ritað með upphafsstófum sem fara minkandi, en um það lykur bugðótt lína að ofan, en bein undir orðinu: ná línur þessar á tveim stöðum út fyrir hring þann, sem umlykur orðið. Við fyrsta bókstafinn í orðinu er eins og festur sje merkjaseðill.

Merkið á að nota á tilbúna liti og gljávöður.

Samkv. tilk. dags. 17. jan. 1916 er merkið skrásett í Washington 11. febr. 1919 fyrir ofangreindar vörur, 16. flokki.

Skrás. 1919 nr. 14.

Tilkent 20. september 1919, kl. 4 síðd., af California Packing Corporation, umbúðasala, San Francisco í Californiu, Bandaríkjum N.-Am, og skrásett 25. s. m.



Lýsing á merkinu: Orðin: DEL MONTE á rauðum grunni innan í bugðótttri umgerð.

Merkið á sjerstaklega að nota á niðursoðna ávexti, niðursoðið grænmeti, niðursoðinn fisk, edik, smjörviðarolíu, kryddaða smjörviðarolíu, tómatsósúr, sveppasósu, pipar, súrkál, bak-aðar baunir, aldinasafo soðinn með sykri, berjalög, niðursoðin aldini, safa, hunang, Maraschino. kirsiber, þurkaða ávexti og rúsínur, matvæli og matvælaefni.

Samkv. tilk. dags. 23. júlí 1917 er merkið skrásett í Washington 1. jan. 1918 fyrir ofangreindar vörutegundir, 46. flokki,

Skrás. 1919 nr 15.

Tilkynt 20. september 1919, kl. 4 síðd., af Thomas Bear & Sons, Limited, tóbaksgerð, London, Englandi, og skrásett 25. s. m.

VIRKENOR

Lýsing á merkinu: Orðið: Virkenor.

Merkið á aðeins að nota á tilbúið tóbak.

Samkv. tilk. dags. 17. apr. 1919 er merkið skrásett í London 23. júlí s. á., 45. flokki: fyrir ofangreinda vörutegund.

Skrás. 1919 nr. 16.

Tilkynt 20. septbr. 1919, kl. 4 síðd. af The Beaver Company, verksmiðjurekstur, Buffalo, New York-riki, Bandaríkjum N.-Am. og skrásett 27. s. m.



Lýsing á merkinu: Efst er mynd af bifur, þar undir standa orðin Beaver Board, hið síðara undir því fyrra, en neðst eru 2 stór B, er snúa leggjum saman.

Merkið á að nota á veggjaborð og pappa til húsagerðar.

Samkv. tilk. dags. 11. febr. 1916, er merkið skrásett í Washington 25. júlí s. á. fyrir ofangreindar vörur 12. flokki.

Skrás. 1919 nr 17.

Tilkynt 20. septbr. 1919, kl. 4 síðd., af The Gramophone Company, Limited, iðnaðarrekstur, Hayes, Middlesex, Englandi, og skrásett 27. s. m.

**HIS MASTER'S VOICE.**

Lýsing á merkinu: Mynd af hundi sem situr fyrir framan »Gramophone«, en undir standa orðin: His master's voice.

Merkið er skrásett fyrir talvjelar, talvjelanálar, talvjelaplötur og annað talvjelum til- **191**
 heyrandi.

Samkv. tilk. dags. 22. júlí 1910 er merkið skrásett í London 24. nóv. s. á. fyrir
 ofangreindar vörur, 8. flokki.

Skrás. 1919 nr. 18.

Tilkynt 27. septbr. 1919, kl. 5 síðd., af Stefáni Thorarensen, lyfsala, Reykjavík, og
 skrásett 2. októbr. s. á.



Lýsing á merkinu: Kona sitjandi á bergi umluktur sjó; heldur hún hægri hönd ut-
 an um stöng með íslenskum fána á, en vinstri hönd um samarbrotið skjal.

Skrás. 1919 nr. 19.

Tilkynt 27. septbr. 1919, kl. 5 síðd. af sama, og skrásett 2. oktbr. s. á.

FERSOL

Lýsing á merkinu: Orðið: Fersol, sem sjersstaklega tilbúið heiti fyrir lífræn efna-
 sambönd.

191

Skrás. 1919 nr. 20.

Tilkynt 20. október 1919, kl. 5 síðd., af Stefáni Thorarensen, lyfsala, Reykjavík, og skrásett 25. s. m.

RÓSÓL-

Lýsing á merkinu: Orðið Rósól, sem sjerstaklega tilbúið heiti fyrir fegurðarefni, húðmýkjandi efni, munn og hálsþreiasandi efni, styrkjandi og heilsubætandi efni, hóstakökur, kveftöflur, aldinsafa, krydd, bökunarefni og önnur bætandi efni í mat.

Skrás. 1919 nr. 21.

Tilkynt 20. október 1919, kl. 4 síðd., af David Brown, Junior, verksmiðjuiðnaður, Glasgow, Skotlandi, og skrásett 30. s. m.



Lýsing á merkinu: Mynd af sauðkind, en þversum yfir um hana eru prentuð með skriflettri orðin: Golden Fleece, og ná þau beggja megin út fyrir myndina.

Merkið, sem einungis á að gilda fyrir fjárbaðlyf, nautgripabaðlyf og dýralækninga-útbúnað, er samkv. tilk. dags. 1. mars 1919 skrásett í London 16. júlí s. á. fyrir ofau greindar vörutegundir, 2. flokki.

Skrás. 1919 nr. 22.

Tilkynt 12. nóvember 1919, kl. 4 síðd., af The American Tobacco Co., tóbaksgerð, New York, Bandaríkjum N.-Am., og skrásett 22. s. m.

Lord Salisbury

Lýsing á merkinu: Orðin Lord Salisbury, prentuð í skásettri línu með gotnesku lettri. Merkið á að ná til smavindlinga (Cigarettes) og tóbaksafurða, og er það samkv. tilk. dags. 3. mars 1919 skrásett í Washington 19. ágúst s. á., fyrir ofangreindar vörutegundir 17. flokki.

Skrds. 1919 nr. 23.

191

Tilkent 12. nóvember 1919, kl. 4 síðd., af sama, og skrásett 22. s. m.

OMAR

Lýsing á merkinu: Orðið: Omar, prentað í bogadreginni línu.

Merkið á að ná til smávindlinga (Cigarettes) og tóbaksafurða, og er samk. tilk. dags. 3. mars 1919 skrásett í Washington 19. ág. s. á. fyrir ofangreindar vörutegundir, 17. flokki.

Skrds. 1919 nr. 24.

Tilkent 26. nóvember 1919, kl. 2 síðd., af C. F. Rich & Sønner A/S, kaffibætis- og kaffirótarverksmiðju, Kaupmannahöfn, og skrásett 29. s. m.



*Hlina heidruðu kaupendur líðj
um vjer aðgata, að einungis sá
Kaffibætir er hreinn og góður, sem
á hverju stykki ber vora undir-
skrift.*

*C. F. Rich & Sønner, A/S.
København, K.*

Lýsing á merkinu: Innan í rjetthyrndum ferhyrningi er laadlagsmynd með tveim gjósandi hverum milli fjallshlíða, og þar fyrir ofan orðið: Geysir, en fyrir neðan myndina, í aflangri umgerð milli tveggja smáreita, með myndum af drekum, standa í tveim línum orðin: Export-Kaffisurrogat. Besti kaffibætir. Fyrir neðan ferhyrninginn eru prentuð, á íslensku og með skriflettri, meðmæli með vörunni og undirskriftuð: C. F. Rich & Sønner, A/S. København K.

191

Merkið er skrásett aðeins fyrir kaffibæti og kaffirót.

Samkv. tilk. dags. 5. júlí 1919 er merkið skrásett fyrir tilkynnanda í Kaupmannahöfn 2. ág. s. á., og nær sú skrásetning eingöngu til ofangreindra vörutegunda.

Skrás. 1919 nr. 25.

Tilkynt 19. desbr. 1919, kl. 4 síðd., af James Buchanan & Co., Limited, Whiskygerðarmönnum, London, Englandi, og skrásett 27. s. m.

BLACK & WHITE

Lýsing á merkinu: Orðin: Black & White.

Merkið, sem á eingöngu að ná til Whisky's er skrásett í London 9. nóv. 1906, 43. flokki, samkv. tilk. dags. 3. apríl s. á.

Eru orðin Black & White að skoða sem sjerstaklega tilbúið heiti fyrir ofangreinda vörutegund.

Samkv. 10. gr. vörumerkjaganna hafa eftirgreind merki verið endurnýjuð árið 1919

Skrás. 1909. nr. 1. Det danske Petroleums Aktieselskab, Kaupmannahöfn.

Skrás. 1909, nr. 2. Sami.

Skrás. 1909 nr. 3. Bass. Ratcliff & Gretton, Ltd., Burton on-Trent, Englandi.

Skrás. 1909, nr. 4. Sami.

Skrás. 1909, nr. 5. Sami.

Skrás. 1909, nr. 6. Sami.

Skrás. 1909, nr. 7. Det danske Petroleums-Aktieselskab, Kaupmannahöfn.

Skrás. 1909, nr. 8. Sami.

Skrás. 1909, nr. 9. A/s Aalborg Portland-Cement-Fabrik; Aalborg.

Skrifstofu vörumerkjaskráritarans í Reykjavík, 31. des. 1919.